

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 816/2011, um hafnarrikiseftirlit, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi töluliðir bætast við IV. viðauka reglugerðarinnar:

49. [Hér á að vera eyða, sjá þó 28. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1013/2006 og tilskipun 2009/16/EB.]
50. Samræmingarskjal sem gefið er út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/757 frá 29. apríl 2015 um vöktun, skýrslugjöf og sannpröfun á losun koltvísýrings frá sjóflutningum og um breytingu á tilskipun 2009/16/EB.

2. gr.

Innleiðing á EES-gerðum.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á 25. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/757 frá 29. apríl 2015 um vöktun, skýrslugjöf og sannpröfun á losun koltvísýrings frá sjóflutningum og um breytingu á tilskipun 2009/16/EB.

3. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 14. gr., sbr. 4. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2003, um eftirlit með skipum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 7. nóvember 2018.

F. h. r.

Sigurbergur Björnsson.

Björn Freyr Björnsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.